

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS. 191. fundur

Föstudaginn 31. janúar 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 8:06.

Mættir voru:

Einar Örn Benediktsson, Sturla Þorsteinsson, Guðrún Ágúst Guðmundsdóttir (varamaður), Bryndís Haraldsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fjarvarandi: Fulltrúi Kópavogs, Gunnar I. Birgisson, fulltrúi Hafnarfjarðar Gunnar Axel Axelsson .

Fundinn sat einnig Reynir Jónsson framkvæmdastjóri, Daði Ingólfsson, sérfræðingur upplýsingatæknimála og Smári Ólafsson, rekstrarstjóri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Fundaritari var Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri.

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun 2014

Í ljósi breytinga á megin forsendum fjárhagsáætlunnar Strætó fyrir árið 2014, sem samþykkt var í stjórn félagsins 23. september 2013, er lögð fram ný fjárhagsáætlun 2014 til samþykktar.

Breytingarnar eru helstar þær að:

- a) hætt var við hækkun gjaldskrár
- b) framlag ríkisins hefur lækkað
- c) hætt var við fyrirætlanir að hefja akstur fyrir á sunnudögum.

Fjárhagsáætlun 2014 með ofangreindum breytingum var samþykkt.

2. Stefnumótun Strætó bs.

Lögð var fram tillaga að stefnumótunarferli fyrir Strætó bs. þar sem gert er ráð fyrir virku framlagi og þátttöku stjórnar Strætó bs. sem og fulltrúa eigenda. Óskað var eftir að stjórn Strætó bs. samþykkti að hefja stefnumótunarferlið í samræmi við framangreinda tillögu.

Tillaga að stefnumótunarferli fyrir Strætó bs. var samþykkt.

3. Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk

Smári Ólafsson, rekstrarstjóri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk, fór yfir stöðu viðræðna við verkefnahóp sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) skipaði til að undirbúa útboð á ferðapjónustu fyrir fatlað fólk á öllu höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog.

Óskað er eftir að stjórn Strætó bs. samþykki að veita framkvæmdastjóra heimild til að halda áfram með viðræðurnar.

Samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að halda viðræðum áfram.

4. Rafrænar greiðsluleiðir

Daði Ingólfsson, sérfræðingur upplýsingatæknimála, kynnti valkosti sem bjóðast á sviði rafrænna greiðsluleiða ásamt greiningu á fýsileika þeirra.

Óskað er eftir að stjórn Strætó bs. samþykki að fela stjórnendum Strætó bs. innleiðingu greiðslumiðla í formi greiðslukorta og snjallsíma.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna að innleiðingu greiðslumiðla í formi greiðslukorta og snjallsíma.

5. Innsend erindi

- a) Erindi frá SÁÁ, þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð 250.000 kr. til að viðhalda og efla þjónustu SÁÁ fyrir aðstandendur alkóhólista og til að fjármagna uppbyggingu á Sjúkrahúsinu Vogu. Lagt er til að beiðninni verði hafnað.
Stjórn samþykkti að hafna erindi SÁÁ um styrk.
- b) Útskrift úr gerðarbók, umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. nóvember 2013, þar sem lagt er til að Strætó bs. byrji að ganga kl. 10 á sunnudagsmorgnum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. nóvember 2013, þar sem málinu er vísað til stjórnar Strætó bs.
- c) Beiðni um að framlag Strætó bs. vegna Vetrarhátíðar verði kostnaður við Safnanæturstrætó á Safnanótt. Óskað er eftir Strætó bs. beri allan kostnað við akstur safnanæturstrætó á Safnanótt.
Stjórn samþykkir að Strætó bs. setji akstur safnanæturstrætó í áætlun.

6. Annað

- a. Stjórn þakkar Herði Gíslasyni fyrir vel unnin störf og gott samstarf.
- b. Staðfesting á stjórn Strætó bs.
- c. Afturköllun fyrri prókúru
- d. Veiting prókúru

Sigrún Edda Jónsdóttir vikur af fundi kl. 09:36.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 28. febrúar 2014 kl. 8:00.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið 10:08

Einar Örn Bendiktsson

Sturla Þorsteinsson

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Bryndís Haraldsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir